

# slá félagsmálaráðuneytisins

um

33. Alþjóðavinnumálaþingið

í Genf 1950



**Félagsmálaráðuneytið gaf út**

# Skýrsla félagsmálaráðuneytisins um 33. Alþjóðavinnumálapingið í Genf 1950.

## I.

Alþjóðavinnumálapingið 1950 var haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf ána 7. júní til 1. júlí 1950. Þingið sátu fulltrúar frá 52 aðildarríkjum, þ. á m. bandsríkjum Indónesíu og Viet-Nam, sem gerðust aðilar að Alþjóðavinnuastofnuninni á þessu þingi. Það voru því 10 aðildarríki, sem engan fulltrúa á að þessu sinni, en 10 þeirra, sem fulltrúa sendu, áttu þar ekki þá lágmarksfulltrúa, sem ákveðin er í lögum stofnunarinnar. Í þessum síðast nefnda ríki var Ísland, sem sendi aðeins einn fulltrúa til þessa þings. Fulltrúi Íslands Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri, en um vikufima var Haraldur Kröyer, íráðsritari í Osló, honum til aðstoðar. Auk fulltrúa frá aðildarríkjum Alþjóðavinnuastofnunarinnar sátu þingið fulltrúar frá ýmsum alþjóðastofnunum. Stjórnarforseti stofnunarinnar, Belgíumaðurinn Leon Eli Troclet, setti þingið hönd stjórnarinnar. Í setningarræðu sinni tilkynnti hann, að framkvæmda-  
inn, David A. Morse, gæti ekki tekið þátt í störfum þingsins sökum heilsu-

Forseti þingsins var kjörinn indverski verkamálaráðherra Jagjiwan Ram, forsetar voru kjörnir Mohammad Nakhai, verkamálaráðherra í Íran, Charles McCormick, atvinnurekendafulltrúi frá Bandaríkjunum, og Paul C. Finet, verka-

afulltrúi frá Belgíu.  
Upphafi þingsins kvaddi formaður pólsku sendinefndarinnar sér hljóðs og ælti þingsetu kínversku fulltrúanna, sem tilnefndir höfðu verið af Kuomintangstjórninni. Taldi hann Peking-stjórnina hinn rétta aðila til þess að tilnefna ía kínversku þjóðarinnar á Alþjóðavinnumálapingið. Í sama streng tóku íar Tékkóslóvakíu og Ungverjalands. Máli þessu var vísað til kjörbréfa-  
arinnar, og féll úrskurður hennar á þann veg, að mótmæli þessi skyldu ekki til greina. Rökstuddi nefndin úrskurð sinn með því, að þar sem Peking-  
in hefði einungis hlotið viðurkenningu átján hinna sextiu og tveggja aðildar-  
stofnunarinnar, kæmi ekki til mála að meina fulltrúum Kuomintang-stjórn-  
r setu á Alþjóðavinnumálapinginu. Þetta álit nefndarinnar var samþykkt á  
ndi. Þegar sendinefndir hinna þriggja fyrrnefndu ríkja höfðu borið fram  
eli sín gegn þingsetu kínversku fulltrúanna, gengu þeir af fundi, þar sem  
áðu sig ekki vilja sitja undir sama þaki og kínversku fulltrúarnir, þeir  
því ekki þátt í þingstörfum meðan fulltrúum Kuomintang-stjórnarinnar væri  
ísað burt. Þegar svo þingið hafði fellt úrskurð sinn í þessu máli, barst for-  
ess bréf frá sendinefndunum þremur, þar sem þær tilkynntu, að þær gætu  
ellt sig við úrskurð þingsins og mundu hvorki taka þátt í störfum þess né  
kisstjórnir sínar bundnar af þeim ákvörðunum, sem þar yrðu teknar.

Örbréfanefndinni þarust einnig kærur út af því, að verkamannafulltrúarnir  
gentínu, Indlandi, Írlandi, Suður-Afríku og Venezuela hefðu ekki verið til-  
í samræmi við stjórnarskrá Alþjóðavinnuastofnunarinnar. Nefndin  
að þeirri niðurstöðu, að þessar kærur væru ekki á nægilegum rökum reistar,  
að því er snerti verkamannafulltrúann frá Venezuela. Var honum meinuð  
a, þar sem sýnt þótti, að ekki væri hægt að telja hann fulltrúa óháðra  
anna í Venezuela.  
st þeirra

ður en um þau er gerð samþykkt. Þingið gerði því að þessu sinni enga samþykkt. Það eins eina álitserð (um verkkenndu fyrir fullorðna). Einnig gerði það nokkrar ályktanir.

Dagskrá þingsins var svo hljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.
2. Fjárhagsmál.
3. Skýrslur aðildarríkja um framkvæmdir á samþykktum.
4. Samband vinnuveitenda og verkamanna.
5. Sömu laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
6. Landbúnaðarstörf, almenn skýrsla.
7. Lágmarkslaun landbúnaðarfólks (fyrri umræða).
8. Verkkennsla fyrir fullorðna, þ. á m. fatlaða (ein umræða).

Hér á eftir verður lauslega rakinn gangur hvers þessara mála á þinginu.

Eins og venja er til, starfaði þingið mestmegnis í nefndum, og var skipuð sérstök nefnd til þess að fjalla um hvert dagskrármál. Þar sem fulltrúi Íslands var aðeins einn, var ekki hægt að koma því við, að Ísland ætti fulltrúa í mörgum nefndum. Íslenski fulltrúinn átti sæti í nefndinni, sem um fjárhagsmál fjallar og skipuð er einum fulltrúa frá hverri ríkisstjórn, sem á fulltrúa á þinginu. Einnig var íslenski fulltrúinn varamaður í nefnd, er fjallaði um samband verkamanna og atvinnurekenda.

Eins og að undanfögnu ríkti hin bezta samvinna á þinginu milli fulltrúa Norðurlandanna fimm, og komu þeir saman til skrafs og ráðagerða þegar þurfa átti, en þessi ríki hafa jafnan komið fram á þessum þingum sem nokkurs konar eild og með því styrkt aðstöðu sína gagnvart hinum fjölmennari þjóðum.

## II.

### 1. Skýrsla framkvæmdastjórans.

Í umræðunum, sem fóru fram um ársskýrslu framkvæmdastjórans, tóku 87 meðmenn frá 50 löndum til máls. Þeirra á meðal voru allmargir ráðherrar.

Skýrsla framkvæmdastjórans fjallaði að þessu sinni að mestu leyti um framleiðslumáttinn og atvinnuleysi. Umræðurnar snerust því aðallega um þessi atriði. Einn af aðstoðarframkvæmdastjórum stofnunarinnar, Jef Rens, kom fram á þessum umræður fyrir hönd framkvæmdastjórans.

Í svarræðu sinni í lok umræðanna lét aðstoðarframkvæmdastjórinn í ljós nægju yfir því, hve fáir ræðumanna hefðu talið útrýmingu atvinnuleysis ósammanlega auknum framleiðslumætti, taldi hann þetta góðs vita fyrir framtíðina.

Rens bauð hin nýju aðildarríki, Indónesíu og Viet-Nam, velkomin til starfs innan stofnunarinnar og lét jafnframt í ljós von um það, að Japan og Þýskaland myndu kjú áður en langt um liði sinn fyrri sess í stofnuninni. Hann harmaði það, að aðildarríkja skyldu hafa látið undir höfuð leggjast að senda nokkurn fulltrúa á þingið.

Aðstoðarframkvæmdastjórinn lagði áherzlu á hina miklu þýðingu, sem aukning framleiðslumáttur hefði, ekki sízt í þeim löndum, sem stutt eru á veg komin í áruninni. Gerði hann nánari grein fyrir þeim hagsbótum, sem verkamenn og atvinnurekendur mundu njóta af aukinni framleiðslu og útrýmingu atvinnuleysis.

Þessu næst vék ræðumaður að ástandinu í löndum Suður-Ameríku og Asíu, þessi ríki hefðu borið fram óskir um aðstoð við að leysa vandamál sín á sviði atvinnuleysis. Gerði hann grein fyrir, hvað Alþjóðavinnuáskrifstofan hefði þegar gert og hygðist gera til að fullnægja þessum óskum.

Að lokum ræddi hr. Rens um hið alvarlega ástand, sem ríkti nú í heiminum.

Hann lét í ljós ósk um það, að Alþjóðavinnuálastofnunin ynni af fremsta hendi að tryggingu félagslegs réttlætis, sem er skilyrði fyrir varanlegum friði.

## 2. Fjárhagsmál.

Undanfarin ár hafa útgjöld Alþjóðavinnuálastofnunarinnar stöðugt farið aukandi vegna aukinnar starfsemi hennar. T. d. hækkuðu útgjöldin úr um það 5 milljónum dollara 1949 upp í um 6 millj. dollara 1950. Þessi aukning útgjaldanna hefur sætt talsverðri gagnrýni á þingum stofnunarinnar. Það mun m. a. hafa verið vegna þessarar gagnrýni, að framkvæmdastjórnin, David A. Morse, lét semja hagsáætlunina fyrir árið 1951 með tilliti til þess, að útgjöld stofnunarinnar væri ekki hærri það ár en verið hafði árið 1950. Sérstök nefnd innan stjórnarinnar var sett til að ræða um fjárhagsáætlunina og gerði á henni smávægilegar breytingar. Þreyttist heildarupphæð hennar ekki við það sem neinu næmi. Í fjárhagsnefnd sinni voru engar breytingar gerðar á fjárhagsáætluninni og var hún samþykkt hljóða á þingfundi.

Þess má geta hér, að stjórn stofnunarinnar hefur sett á fót nefnd, sem á að skoða alla starfsemi skrifstofunnar með það fyrir augum, hvort ekki væri fært að spara þar við frekari sparnaði.

Í fjárhagsnefndinni urðu talsverðar umræður um það, hversu skipta skyldi útdæmum stofnunarinnar milli aðildarríkjanna. Gerðar hafa verið ítrekaðar tilvitnir til þess að fá Bandaríkin til að greiða sama hundradshluta af tillögum til Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og þau greiða til Sameinuðu þjóðanna, eða 10%. Þetta hafa Bandaríkjamenn ekki viljað fallast á, en þó hafa þeir hækkað framlög sín. Þannig greiddu þeir 19% af tillögum til stofnunarinnar árið 1949, 22% árið 1950, og á þessu þingi samþykktu þeir að greiða 25% af heildarútdæmum.

Árgjald Íslands nemur 0.12% heildarútgjaldanna, eða 7296.44 dollurum fyrir 1951.

## 3. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.

Eitt af hlutverkum Alþjóðavinnuálagingsins er að hafa eftirlit með því, að aðildarríki, sem fullgilt hafa samþykktir þingsins, beiti ákvæðum þeirra í raun og veru. Þau verða því fyrir hvert ársþing að senda skýrslur um þetta mál, en þær fyrst kannaðar af sérstakri sérfræðinganefnd og síðan af til þess kjörinni nefnd á þinginu.

Með þeim breytingum, sem gerðar voru á stjórnarskrá Alþjóðavinnuálagunarinnar 1946, var þessi dagskrárliður gerður umfangsmeiri en áður var, en aðildarríkjunum er nú skylt að gefa einnig skýrslur viðvíkjandi samþykktum, sem þau hafa ekki fullgilt, og gera grein fyrir hvað standi í vegi fyrir fullgildingu. Á þessu þingi kom þetta nýja ákvæði fyrst til framkvæmda.

Þessi umræðurnar um þetta dagskrármál var lögð rík áhersla á það, að stjórn Alþjóðavinnuálastofnunarinnar gerir ráð fyrir viðtæku samstarfi af hálfu aðildarríkjanna og verkamanna og samþykktum. Þess vegna er nefndin aðildarríkjanna og verkamanna í því skyni að stuðla að því, að samþykktum og álitsserða Alþjóðavinnuálagingsins sé beitt. Því var slegið föstu enn á ný, að fullgildingar aðildarríkjanna á samþykktum og framkvæmd þeirra hefðu grundvallarþýðingu fyrir stofnunina.

## 4. Samband vinnuveitenda og verkamanna (Industrial relations).

Þessi dagskrárliður fjallaði að þessu sinni um heildarsamninga og sættir og áætlunin var að ræða einnig um samvinnu opinberra stjórnvalda og félaga verkamanna og verkamanna, en til þess vannst ekki tími, svo því var frestað til næsta þings. Ím þessi mál fjallaði nefndin um samstarf Alþjóðavinnuálagingsins og verkamanna.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið uppkast, sem nefndin lagði til grundvallar umræðum sínum.

#### A. Heildarsamningar.

Í uppkasti skrifstofunnar var gert ráð fyrir, að reglurnar um heildarsamninga yrðu aðeins settar í formi álitssgerðar, og var það samþykkt með litlum meiri hluta að loknum miklum umræðum. Verkamannafulltrúarnir voru fylgjandi því, að gerð yrði um þetta samþykkt, en atvinnurekendafulltrúarnir voru því andvígir og kusu fremur álitssgerð um málið.

Ekki verður efni þessarar álitssgerðar rakið hér né umræður þær, sem urðu um einstök atriði hennar. Væntanlega mun hún verða birt í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um 34. Alþjóðavinnumálaþingið. Þess skal aðeins getið hér, að álitssgerðin skiptir ekki miklu máli fyrir þau ríki, sem viðurkennt hafa að fullu gildi heildarsamninga milli verkalýðsfélaga annars vegar og einstakra atvinnurekenda eða félagssamtaka þeirra hins vegar og hafa sett lög um sættir í vinnudeilum. Hlutverk álitssgerðarinnar er einkum það, að bæta ástandið í þessum málum í ríkjum, sem skemmra eru á veg komin í þróun þeirra og verkalýðshreyfingunni er ekki vaxinn fiskur um hrygg.

#### B. Frjálssar sættir og gerðir í vinnudeilum.

Við almennar umræður um þetta mál kom fram tillaga um að láta þær reglur, sem samþykktar yrðu, ná til hvers konar sætta og gerða í vinnudeilum, einnig þeirra, sem fyrirskipaðar eru eða lögboðnar. Þessi tillaga var felld.

Að þessu sinni fóru aðeins fram undirbúningsumræður um þetta mál og jafnframt samþykkt að taka það fyrir að nýju á næsta þingi.

#### 5. Sömu laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Það var fyrri umræða um þetta mál, sem fór fram að þessu sinni. Í nefndinni, sem um þetta mál fjallaði, voru mjög skiptar skoðanir um það, hvort tímabært væri að setja um það alþjóðlegar reglur. Fulltrúar verkamanna töldu, að rétt atriðin skyldi fjallað í álitssgerð. Í umræðunum var þess minnst, að þetta mál hefur jafnan frá upphafi verið á stefnuskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og það talin sanngirniskrafa, að konum skyldu greidd sömu laun og körlum fyrir jafnverðmæt störf. Framkvæmd þessarar reglu mundi og vera hvatning til kvenna um að taka að sér framleiðslustörf. Aftur á móti héldu atvinnurekendur því yfirleitt fram, að ekki væri tímabært að setja reglur um þetta efni. Þeir kváðu svo mörg vandamál í sambandi við mat á störfum óleyst, að reglan um sömu laun væri trauðla framkvæmanleg, og auk þess væru ýmis atriði, sem orsökkuðu það, að vinna kvenna yrði dýrari, t. d. væru fjarvistir miklu tíðari hjá konum en körlum.

Meðal ríkisstjórnafulltrúanna kom fram sú skoðun, að rétt væri að afgreiða þetta mál með álitssgerð. Þessi skoðun byggðist einkum á því, að í flestum löndvallarreglu, og ýmsa erfiðleika yrði að yfirstíga áður en hún kæmist að fullu í framkvæmd. Við þetta bætist svo, að í fjölda landa, þ. á m. Norðurlöndunum, eru laun ákveðin án afskipta ríkisvaldsins. Það gæti því ekki tekið ábyrgð á því, að grundvallarreglan um sömu laun til karla og kvenna sé framkvæmd með heildarsamningum milli atvinnurekenda og verkamanna.

Í upphafi lögðu atvinnurekendur til, að frestað yrði til næsta þings að ákveða, í hvaða formi reglurnar skyldu settar. Síðar var þessi tillaga tekin aftur, en svo horin fram að nýju af fulltrúum verkamanna, þegar það var orðið ljóst, að samþykkt um þetta mál mundi ekki hljóta nægan meiri hluta á þessu þingi. Tillaga þessi var samþykkt og ákveðið, að fyrir næsta þing skyldi leggja bæði uppkast að samþykkt og álitssgerð henni til uppfyllingar, svo og uppkast að álitssgerð einni saman, ef sá afgreiðsluháttur skyldi á hafður.

Fyrst og fremst snerust umræðurnar um það, hvornig skilgreina bæri „laun“ „sömu laun fyrir jafnverðmæt störf“. Um þetta voru skiptar skoðanir, einkla síðara atriðið. Að lokum var samþykkt, að þegar rætt er um sömu laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, skuli átt við það, að ekki sé gerður greinmunur á kynjum við ákvörðun launanna. Fram skal fara mat á hinum ýmsu orfum, ef það er nauðsynlegt til þess að ná þessu takmarki.

Á almennum þingfundi voru tillögur nefndarinnar samþykktar, en flestir atvinnurekendafulltrúanna sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Umræðurnar um þetta mál á þinginu leiddu í ljós, að það er miklum örðugum bundið að setja alþjóðlegar reglur um þetta efni, en það var almennt viðurkennt, að þær hefðu orðið til þess að varpa meira ljósi á það og greiða fyrir áframfarandi þróun þess, bæði innan hinna einstöku ríkja og á alþjóðlegum vettvangi.

#### 6. og 7. Landbúnaðarstörf og lágmarkslaun landbúnaðarfólks.

Sjótti dagskrárliðurinn fjallaði um verkalýðsmál landbúnaðarfólks almennt. Stjórn umræðanna um þennan lið urðu þær, að þingið lét í ljós ósk um það, að ýmis mál, er snerta landbúnaðinn, þ. á m. almannatryggingar, verkkennsla vinnutími, verði rædd á einhverju næstu þinga.

Um síðara atriðið, þ. e. ákvörðun lágmarkslauna fyrir landbúnaðarfólk, gerði þingið uppkast að alþjóðareglum, og var ákveðið að leggja þær fyrir næsta þing samþykkt ásamt álitserð.

Bæði í nefnd og á almennum þingfundi báru atvinnurekendur fram tillögu, að um þetta yrði einungis samþykkt álitserð, en sú tillaga var felld. Um sjálft á reglnanna voru ekki mjög skiptar skoðanir.

#### 8. Verkkennsla fyrir fullorðna.

Stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar hafði ákveðið, að þetta mál yrði aflið með einni umræðu, en jafnframt ákvað hún, að sérstök nefnd sérfræðinga myndi fyrst fjalla um það.

Sérfræðinganefndin samdi álitserð um málið, sem lögð var fyrir þingið. Þingið gerði ýmsar breytingar á frumvarpi nefndarinnar, en engar þeirra veigalagar, heldur miðuðu þær að því að skýra ýmis atriði nánar.

Álitserð þessi, sem er prentuð hér á eftir sem fylgiskjal, kveður á um það, að félög atvinnurekenda og verkamanna ættu að hafa samvinnu við opinbera rrvöld um undirbúning og framkvæmd verkkennslu fyrir fullorðna. Einnig er hún um nauðsyn þess, að verkkennslan sé í samræmi við horfurnar á ummarkaðnum. Yfirleitt miðar álitserðin að því að bæta aðstöðu manna til þess að afla sér vinnu.

Einn kafli álitserðarinnar tiltekur, hversu viðtæk verkkennslan skuli vera, nefnir þar sérstaklega eftirtalda flokka manna: verkstjóra, innflytjendur, atvinnuleysisgjafa og fatlaða. Nær þetta jafnt til karla sem kvenna.

Álitserðin ræðir allýtarlega um kennsluáðferðirnar, en kennslan getur bæði verið fram í skólum og á námskeiðum, auk þess sem hún getur farið fram við sjálfstjórn á vinnustað.

Að síðustu ræðir álitserðin um það, hvornig þessi starfsemi skuli skipulögð og framkvæmd.

#### 9. Önnur mál.

Á þinginu voru gerðar eftirtaldar ályktanir:

Ályktun um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.

Ályktun um aukningu á skyldunámi og fyrirgreiðslu fyrir menntun fullorðinna.

Fylgiskjal I.**Álitsgerð nr. 88, um verkkenndu fyrir fullorðna, þ. á m. fatlaða menn.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, saman komið til þrítugustu og þriðju þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1950, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, hefur með tilliti til þess, að þingið hefur þegar samþykkt tiltekin ákvæði, er varða verkkenndu almennt og sérstakar greinar hennar, samþykkt að gera ákveðnar tillögur um verkkenndu fyrir fullorðna, þ. á m. fatlaða menn, en þetta er niúnda málið á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi álitsgerðar, samþykkir þingið í dag, 30. júní 1950, svo hljóðandi álitsgerð, sem nefna ber álitsgerð frá 1950 um verkkenndu fyrir fullorðna.

*I. Orðaskýringar.*

1. Í álitsgerð þessari:
  - a. merkir orðið „verkkennsla“ hvers konar kennslu í starfi, sem veitir mönnum nýja eða aukna þekkingu og leikni á tæknilegum og faglegum sviðum og í verkstjórn, hvort sem kennslan er veitt í starfsgreininni sjálfri eða utan hennar, og tekur þetta einnig til endurbjálfunar;
  - b. tekur orðið „framleiðsluverkamaður“ til hvers þess einstaklings, sem starfar í eða er að búa sig undir einhverja vinnu í einhverri grein athafnalífsins, hvað sem hann vinnur annað en eftirlits- eða verkstjórnarstarf.

*II. Grundvallarreglur kennslunnar.*

2. (1) Verkkennslu fyrir fullorðna ætti að athuga, framkvæma og þróa með tilliti til ástands og horfa á vinnuþættinum, viðleitinnar til þess að bæta eða auka framleiðsluna og möguleikanna til að koma lærlingum að í starfi við þeirra hæfi.
- (2) Verkkennslu fyrir fullorðna ætti að athuga, framkvæma og þróa í samvinnu við félög vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau starfa og hægt er að gera ráðstafanir til slíkrar samvinnu.
3. Kennslan ætti, að svo miklu leyti sem unnt er, að veita hinum fullorðnu grundvallarþekkingu á störfum þeim, sem þeir eru að læra, og þeim iðngreinum, sem þeir óska eftir að ráða sig í, einkum með það fyrir augum að auðvelda þeim að vinna sig upp.
4. Verkkennslu fyrir fullorðna atvinnuleysingja ætti ekki að nota í stað atvinnuleysistrygginga eða aðstoðar, heldur til þess að auðvelda atvinnulausum verkamönnum, sem þarfnast kennslu til þess að fá vinnu við sitt hæfi, að fá sér vinnu á ný.

*III. Kennsluvið.*

5. (1) Að svo miklu leyti sem unnt er, ætti að veita fullorðnum aðgang að verkkenndu, annaðhvort með því að breyta kennsluáðferðum við verkkenndu fyrir unglínga eða gera sérstakar ráðstafanir fyrir fullorðna, eða í þriðja lagi að heita báðum þessum aðferðum sameiginlega.
- (2) Þess konar ráðstafanir ætti að skipuleggja í samræmi við þær grundvallarreglur og aðferðir, sem getur í þessari álitsgerð, á þann hátt, að tekið sé nægilegt tillit til aðstæðna í hverju landi, þarfa hinna ýmsu greina atvinnulífsins og áhugamála verkamannanna.
- (3) Þessar ráðstafanir ættu að vera nægilega viðtækar til þess að þær taki til námskeiða í grundvallaratriðum fyrir byrjendur og námskeiða, þar sem

- a. Menn, sem skráðir hafa verið úr hernum, og fórnarlömb styrjalda, sem þarfnast kennslu til þess að þeir geti fengið atvinnu við sitt hæfi.
  - b. Fatlaðir menn, sem þarfnast kennslu til þess að fá atvinnu við sitt hæfi.
  - c. Fullorðnir atvinnulausir menn, sem ekki er líklegt að fái framvegis atvinnu í sínum starfsgreinum eða þarfnast þjálfunar til þess að geta komizt að aftur í sinni starfsgrein.
  - d. Fullorðnir menn, sem óska eftir að læra starfsgrein, sem um langan tíma hefur skort vinnuafli.
  - e. Verkamenn, sem verður ofaukið í starfsgreinum sínum vegna tæknilegrar þróunar.
  - f. Fullorðnir menn í þeim starfsgreinum, sem eru of fjölmennar, er vilja búa sig undir störf í öðrum greinum.
  - g. Fullorðnir menn, sem vilja flytja úr landi í sambandi við flutninga úr landi undir eftirliti ríkisstjórna og þarfnast kennslu til þess að aðhæfa kunnáttu sína atvinnuástandinu í landi því, sem þeir hyggjast flytja til.
  - h. Innflytjendur, sem hafa fengið leyfi til að flytja til landsins til þess að vinna þar og þarfnast þjálfunar til þess að aðhæfa kunnáttu sína atvinnuástandinu í landinu, sem þeir flytja til.
- sem nauðsyn ber til þess með tilliti til þjóðarhags, skal kveða á um forsgrétt fyrir fullorðna til verknáms utan atvinnufyrirtækjanna.
- Í verkamenn við framleiðslustörf og eftirlitsmenn skulu eiga kost á viðandi verkkenndu.
- Þur jafnt og karlar skulu eiga kost á verknámi fyrir fullorðna.

#### IV. Kennsluhættir.

##### *Kennsla verkamanna í framleiðslustörfum.*

Fara skal fram faglegt val á þeim, sem teknir eru til verknáms. Slíkt val ætti að miða að því að sannreyna, hver störf hæfa verkamanninum best. Í því skal einnig fólgin rannsókn á líkamlegum og andlegum hæfileikum hans, starfsreynslu, tilhneigingum og áhugamálum, eftir því sem við á í hverju einstöku tilfelli og með viðeigandi tryggingu fyrir verkamanninn.

Í slunum í hverri starfsgrein ætti að framkvæma í samvinnu við félög vinnuanda og verkamanna, þar sem þau starfa, á grundvelli kerfisbundinna sókna á vinnu, leikni, þekkingu og öryggisráðstöfunum, sem krafizt er af þeim starfsgrein.

Ákvörðun þess, hversu langvinn verkkenndan skuli vera, skal tekið tillit til:

1. Þeirrar leikni, sem á að hafa náðst að náminu loknu; 2. Þess arfarinnar til þess að búa fullorðna eins fljótt og unnt er undir þátttöku í framleiðslustörfum, eða 3. Þess að tryggja þessara nefndu atriða.

Þætti ráðstafanir til þess, að haft sé kerfisbundið eftirlit með verknemundum þess er þýðingarmikill þáttur þess að tryggja raunhæft nám.

##### *Kennsla á vinnustöðum.*

Þætti ætti atvinnurekendur til þess, hvern í sínu lagi eða í samvinnu við öðra atvinnurekendur, að sjá fullorðnum fyrir verkkenndu í samræmi við þarfir þeirra fyrir vinnuafli og í svo ríkum mæli sem tæknilegar aðstæður fyrir tækjum þeirra leyfa.



- c. á sérstökum verkstæðum,  
 d. á þeim stöðum, öðrum en vinnustöðum eða verkstæðum, sem bezt hæfa þörfum verkkennslunnar eða  
 e. með þessum aðferðum í sameiningu, eftir því hvers konar kennslan er og að hverju hún miðar, svo og eftir tæknilegum möguleikum fyrir-tækisins.
14. Þar, sem kennsla er veitt í vinnunni sjálfri:  
 a. ættu framleiðslustörf þau, sem nemandanum eru fengin, að hafa raunverulegt fræðslugildi;  
 b. ættu nemendurnir að vinna undir umsjá eftirlitsmanna eða faglærðra verkamanna, sem eru færir um að kenna þeim.
15. Þegar kennslan er ekki veitt í vinnunni sjálfri, ætti hún, að byrjunarstiginu loknu, að fara fram við aðstæður, sem líkjast eins mikið og mögulegt er aðstæðunum við venjuleg störf, og þegar því verður við komið, ætti í henni að felast framkvæmd raunverulegra framleiðslustarfa eða sams konar starfa.
16. (1) Þegar ekki er hægt að veita í fyrirtækinu þá bóklegu fræðslu, sem þarf til þess að ná nauðsynlegri hæfni í starfsgreininni, sem verið er að kenna, ætti að gera nemendunum kleift að afla sér þeirrar menntunar utan fyrirtækisins án þess að þeir missi nokkuð af launum sínum við það.  
 (2) Í slíkum tilfellum ætti að vera nánin samvinna milli fyrirtækisins og stofnunar þeirrar, sem veitir þessa fræðslu.
17. Fullorðnir verkamenn, sem eru við verknám, ættu að fá hæfileg laun í samræmi við reglur, sem ákveðnar eru með lögum, reglugerðum, heildarsamningum eða með reglum hlutaðeigandi fyrirtækis.

#### *Kennsla utan atvinnufyrirtækja.*

8. (1) Þegar ekki er séð fyrir þörfum manna til kennslu í fyrirtækjunum, ætti hlutaðeigandi stjórnvald að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að séð sé fyrir möguleikum til náms annars staðar.  
 (2) Í slíkum tilfellum ætti:  
 a. að veita þjálfunina við aðstæður, er líkjast sem mest aðstæðunum í atvinnufyrirtækjunum;  
 b. kennslan m. a. að vera fólgin í því, að nemandinn ynni framleiðslustörf eða svipuð störf, að svo miklu leyti sem það getur samrýmzt kröfum, sem námið gerir, og með því skilyrði, að sett sé nauðsynleg trygging gegn samkeppni, sem atvinnurekendur eða verkamenn gætu ekki sætt sig við.
- (3) Í því skyni að tryggja það, að kennsluáðferðum og innihaldi námsins sé hagað eftir þörfum athafnalífsins og tæknilegri þróun, ætti að halda uppi samvinnu milli kennslustöðvanna eða annarra stofnana, hlutaðeigandi félaga atvinnurekenda og verkamanna og þeirra fyrirtækja, sem líkleg eru til þess að vilja ráða til sín lærlinga.
- (4) Námið ætti að gera nemendunum fært að ná lágmarksvinnuhraða og leikni, og samfara henni eða að henni lokinni ættu nemendurnir að vinna um skeið að raunhæfum störfum, svo að þeir geti náð eðlilegum hraða og leikni í starfinu.
- (1) Meðan á námi stendur, sem veitt er eða viðurkennt af þar til bæru stjórnvaldi, ættu fullorðnir menn, sem ekki fá greidd laun, að fá greidda frá þar til bæru stjórnvaldi hæfilega þóknun sér til framfæris. Upphæð þessarar þóknunar skal ákveðin með hæfilegu tilliti til:  
 a. hvers konar atvinnuleysisstyrkja eða hverra annarra greiðslna, sem þeir kunna að fá.

- b. annarra atriða, svo sem aldurs, framfærslubyrðar, framfærslukostnaðar í hlutaðeigandi héraði og sérstakra persónulegra útgjalda í sambandi við námið, svo sem ferðakostnaðar og húsaleigu;
- c. þarfarinnar á því að hvetja fullorðna menn til þess að hefja og ljúka námi í samræmi við þarfir vinnumarkaðsins.
- 2) Fullorðnum mönnum, sem vilja njóta kennslu í starfi án fjárhagslegrar aðstoðar, ætti að vera það heimilt þegar það á við.

### *Nám eftirlitsmanna.*

Þar til bært stjórnvald ætti í samvinnu við félag atvinnurekenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, að gera allar þær ráðstafanir, sem að gagni mega koma og æskilegar eru, til þess að efla árangursríkustu kennsluaðferðirnar. Efla ætti nána samvinnu milli opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja varðandi nám eftirlitsmanna.

Reglur um nám eftirlitsmanna ætti að setja á grundvelli kerfisbundinna rannsóknna á eftirlitsstörfunum.

- 1) Gera ætti mönnum, sem gegna eftirlitsstörfum eða eru að búa sig undir þau, kleift að afla sér þekkingar, einkum á:

- vinnuaðferðum;
- innbyrðis afstöðu fólksins við vinnu;
- samhæfingu vinnunnar á hinum ýmsu stigum starfseminnar;
- kennsluaðferðum;
- aðlögun að ábyrgðarstörfum, sem hafa í för með sér gagnkvæmt traust í atvinnulífinu.

- 2) Slíka kennslu ætti fyrst og fremst að veita með einhverri eða öllum eftirtalinnna aðferða:

- umræðufundum, þar sem skýrð eru og greind raunhæf dæmi;
- þjálfun við vinnuna;
- fyrirlestrum;
- skólakennslu.

- 3) Slíka kennslu ætti m. a. að skipuleggja og auka með einhverri eftirtalinnna aðferða eða með þeim öllum:

- sérstökum námskeiðum í háskólum eða tæknilegum skólum;
- stofnunum, sem sérstaklega ber að sjá fyrir slíkri kennslu;
- viðeigandi kennslu í störfunum sjálfum;
- aðferðum, sem miða að hraðfara námi.

### *Ráðning og þjálfun kennara.*

Þar til bært stjórnvald ætti í samvinnu við félag atvinnurekenda og verkamanna og aðrar stofnanir, sem hlut eiga að máli, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að settar verði reglur um þær lágmarkskröfur, sem gera verður til hæfni þeirra kennara, sem annast skulu kennslu fullorðinna í sérstökum stöðvum eða stofnunum hins opinbera eða einstaklinga.

- Þessar reglur ættu m. a. að snerta:

- tæknilega og almenna menntun;
- reynsluþekkingu í starfsgrein þeirri, sem kenna skal;
- aldur;
- hæfileika til að kenna fullorðnum.

Þar til bært stjórnvald ætti að tryggja það, að farið sé eftir þessum reglum í kennsluáttum.

25. (1) Kennarar, sem annast kennslu fullorðinna, ættu að fá sérstaka menntun með það fyrir augum að þroska hæfni þeirra í tækni og til kennslu. Þessi menntun ætti m. a. að vera fræðileg og tæknileg og gera þá betur hæfa til að umgangast fólk.
- (2) Slik menntun ætti eftir því, sem þörf gerist, einkum að taka til:
- a. grundvallarmenntunar;
  - b. námskeiða til að auka þekkingu og rifja hana upp, og
  - c. raunhæfra starfa í starfsgreininni með ákveðnu millibili.
- (3) Þar til bært stjórnvald ætti að gera ráðstafanir til þess að hvetja til slíkrar menntunar og efla hana.

#### V. Kennsla fatlaðra manna.

26. Þær grundvallarreglur, ráðstafanir og kennsluáðferðir, sem þessi álitserð ræðir um, ættu að taka til allra fatlaðra manna, að svo miklu leyti sem unnt er með tilliti til heilsufars og námsmöguleika.
27. (1) Gera ætti ráðstafanir til tryggingar því, að fatlaðir, fullorðnir menn eigi kost á fullnægjandi og viðeigandi möguleikum til náms.
- (2) Fatlaðir menn ættu að hafa aðgang að slíku námi, hvernig sem á fötlun þeirra stendur og á hvaða aldri sem þeir eru, meðan sennilegir náms- og atvinnumöguleikar eru fyrir hendi.
28. (1) Þjálfun fatlaðra manna ætti alls staðar, þar sem því verður við komið, að gera hlutaðeigendum fært að stunda atvinnu, þar sem þeir geta neytt fagkunnáttu sinnar eða hæfileika að teknu tilliti til atvinnuhorfa.
- (2) Með tilliti til þessa ætti þessi kennsla að:
- a. vera samfara sérstakri vistráðningu eftir læknisráði í þeirri atvinnu, sem bezt hæfir hverri tegund fötlunar og þar sem hún verður minnst til boga;
  - b. veitast í þeirri grein, sem hinn fatlaði maður vann í áður, eða skyldri starfsgrein, þegar þess er kostur, og
  - c. halda áfram unz hinn fatlaði hefur náð nauðsynlegri leikni til þess að vinna eðlilega og jafnfætis fyllilega vinnufærum mönnum, ef hann annars er fær um það.
29. (1) Þegar nauðsyn ber til, ættu fatlaðir menn að vera til lækninga við sitt hæfi áður en námið hefst.
- (2) Þessar lækningar ættu að miða að því að auðvelda eftirfarandi nám hins fatlaða, og ættu þær m. a., eftir því sem við á, að vera fólgnar í því, að látið sé í té viðeigandi gervilimir, sálfræðileg meðhöndlun, nudd- og ljós-lækningar og vinnuhælisvist.
- (3) Þegar það á við, ætti nám fatlaðra að hefjast meðan á lækningum stendur. Þar, sem það á við, ætti að hafa læknisfirtlit með hinum fötluðu meðan á þjálfuninni stendur.
- Þegar því verður við komið, ættu fatlaðir menn að fá þjálfun með fyllilega verkfærum mönnum og við sömu aðstæður og þeir.
- Gera ætti sérstakar ráðstafanir um nám fatlaðra manna, sem ekki er hægt að kenna með fyllilega verkfærum mönnum vegna þess, hvernig fötlun þeirra er háttað.

Gera ætti ráðstafanir til hvatningar atvinnurekendum til þess að sjá fötluðum mönnum fyrir kennslu. Þessar ráðstafanir ættu, eftir því sem við á, að fela í sér fjárhagslega eða tæknilega hjálp, lækniþjálfun eða vinnuhjálp.

Grundvallarreglurnar varðandi nám fatlaðra manna ætti að semja og framkvæma á grundvelli náinnar samvinnu milli þeirra aðila sem annast lækni-

## VI. Skipulag og framkvæmd.

Þar til bært stjórnvald ætti að setja eða láta setja samræmdar reglur um nám fullorðinna, og ætti að endurskoða þær og bæta á vissum fresti. Um þetta skal höfð samvinna við þau verkamanna- og vinnuveitendafélög, sem fara með umboð hlutaðeigandi atvinnugreinar, og tekið skal tillit til aðstæðna í landinu, einstökum landshlutum og héruðum.

Þessar reglur ættu að samræmast öðrum greinum hinnar almennu verkennslu.

Í samvinnu við og með samþykki hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkamannafélaga ætti þar til bært stjórnvald að gera allar nauðsynlegar og æskilegar ráðstafanir til þess að efla og samræma starfsemi hins opinbera og einstaklinga varðandi verknám fullorðinna.

Eftir því, sem við á, ættu þessar ráðstafanir að fela í sér:

- ákvörðun á því, hversu viðtæk þörfin fyrir kennslu er og hverrar tegundar, svo og á þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru;
- að settar séu reglur um aðstæður og aðferðir við kennsluna;
- ákvörðun námsefnis við nám í hinum ýmsu atvinnu- og starfsgreinum;
- tæknilega aðstoð til þeirra félaga og stofnana, sem láta kennslu í té;
- fjárhagsaðstoð til þessara félaga og stofnana.

Skilgreina ætti nákvæmlega ábyrgð opinberra stjórnvalda á verkennslu fullorðinna.

Slík ábyrgð ætti að hvíla á:

- einu stjórnvaldi, eða
- fleiri stjórnvöldum, enda sé starfsemi þeirra vel samræmd.

og stöðug samvinna ætti að vera milli hinnar opinberu vinnumiðlunar, iðlustarfseminnar og hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkamannafélaga, um í því skyni að fá fullorðna til að skrá sig til verknáms og að sjá þeim vinnu að námi loknu.

Verknámið ætti að auka og bæta með aðstoð ráðgefandi nefnda, sem settar eru á fót fyrir allt landið, einstaka landshluta eða héruð, eftir því sem þörf krefur. Nefndir þessar skulu skipaðar fulltrúum þeirra stjórnvalda og stofnana, sem í hlut eiga, þar á meðal vinnuveitenda- og verkamannafélaga.

Hlutverk þessara nefnda ætti að vera að gefa leiðbeiningar, einkum:

- að því er tekur til alls landsins, um þróun grundvallarreglna og áætlana um nám fullorðinna;
- að því er tekur til einstakra landshluta og héraða, um beitingu þeirra reglna, sem settar hafa verið fyrir allt landið, aðlögun þeirra að aðstæðunum í hverjum landshluta eða héraði og samræmingu starfseminnar í einstökum landshlutum og héruðum.

Þar til bært stjórnvald ætti að hvetja til stofnunar ráðgefandi iðnaðarnefnda til þess að aðstoða við framkvæmd áætlana um verknám fullorðinna í þeirri starfsgrein, sem þær eru fyrir.

Gera ætti ráðstafanir til tryggingar því, að félög vinnuveitenda og verkamanna taki þátt í framkvæmd grundvallarreglnanna um verknám fullorðinna, t. d. með því að fulltrúar þeirra séu meðlimir eða ráðgjafar nefnda, sem stjórna skólum eða kennslustöðvum fyrir fullorðna, eða hafa eftirlit með tæknilegum rekstri þeirra.

Þar til bært stjórnvald ætti að hvetja atvinnurekendur til samvinnu við fulltrúa verkamanna, sem vinna í fyrirtækjum þeirra.

## VII. Alþjóðasamvinna um verkkenndu fullorðinna.

41. (1) Þegar nauðsyn ber til og fært þykir, ættu aðildarríkin, með aðstoð Alþjóðavinnu-  
málaskrifstofunnar, ef þess er óskað, að hafa samvinnu um ráðstafa-  
nir til eflingar verkkenndu fullorðinna.
- (2) Þessi samvinna ætti m. a. að taka til ráðstafana, sem hlutaðeigandi ríki hafa  
orðið ásátt um til að efla verkkenndu með aðferðum eins og:
- að í einu landi sé þar til völdu fólki frá öðru landi veitt kennsla, sem  
geri því fært að öðlast reynslu og leikni, sem það getur ekki náð í heima-  
landi sínu;
  - að eitt ríki láni öðru reynt fólk til þess að aðstoða við skipulagningu  
verkkennslunnar;
  - með því að gefa út og láta í té handbækur og önnur gögn til kennslu;
  - skiptum á sérhæfðu starfsliði;
  - kerfisbundnum skiptum á upplýsingum um kennslumálefni.

Fylgiskjal II.

Skrá yfir þær samþykktir, sem gerðar hafa verið á Alþjóðavinnu-  
málafundinum á árunum 1919—1950.

Skráin greinir, hvaða ár hver samþykkt var gerð, hvenær hún gekk í gildi og  
hve mörg ríki hafa fullgilt hana.

Tala	Heiti	Gildis- taka	Fullgild- ingar
1.	Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919) .....	13. 6.'21	28
	Aths. Fjögur ríki fullgiltu þessa samþykkt með skilyrðum.		
2.	Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919) .....	14. 7.'21	33
	Aths. Eitt ríki hefur sagt þessari samþykkt upp.		
3.	Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919)	13. 6.'21	18
4.	Samþykkt um næturvinnu kvenna .....	13. 6.'21	34
	Aths. 10 ríki hafa sagt þessari samþykkt upp um leið og þau full- giltu samþykkt nr. 41.		
5.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðar- störf (1919) .....	13. 6.'21	30
	Aths. Sjá nú samþykkt nr. 59.		
6.	Samþykkt um næturvinnu unglunga í iðnaði .....	13. 6.'21	33
	Aths. Eitt ríki hefur sagt þessari samþykkt upp.		
7.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjó- mennsku (1920) .....	27. 9.'21	34
	Aths. Eitt ríki hefur sagt samþykkt þessari upp samfara fullgild- ingu á samþykkt nr. 58.		
8.	Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920) .....	16. 3.'23	30
9.	Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920) .....	23. 11.'21	28
10.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921) .....	31. 8.'23	22
11.	Samþykkt um rétt landbúnaðarverkafólks til að bindast sam- tökum og stofna félög (1921) .....	11. 5.'23	36
12.	Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921)	26. 2.'23	24
13.	Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921) .....	31. 8.'23	27

Heiti	Gildis- taka	Fullgild- ingar
Þykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglunga við kynd- - og kolamokarastörf (1921) .....	20. 11.'22	35
Þykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglungum sjómennsku (1921) .....	20. 11.'22	35
Þykkt um slysatryggingu verkamanna (1925) .....	1. 5.'27	23
Þykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúk- na (1925) .....	1. 4.'27	32
Aths. Fjögur ríki hafa sagt samþykktinni upp samtímis fullgild- ingu á samþykkt nr. 42.		
Þykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna slysabóta (1925) .....	8. 9.'26	42
Þykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum .....	26. 5.'28	13
Þykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum borð í skipum (1926) .....	29. 12.'27	25
Aths. Þrjár fullgildinganna skilyrtar.		
Þykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926) .....	4. 4.'28	30
Þykkt um heimsendingu sjómanna (1926) .....	16. 4.'28	19
Þykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzlunarfólks heimilishjúa (1927) .....	15. 7.'28	19
Þykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (27) .....	15. 7.'28	12
Þykkt um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun (1928) ..	14. 6.'30	25
Þykkt um að þyngd skuli letruð á þunga hluti, sem fluttir með skipum (1929) .....	9. 3.'32	38
Aths. Tvær fullgildinganna eru skilyrtar.		
Þykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929) .....	1. 4.'32	4
Aths. Sjá nú samþykkt nr. 32.		
Þykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930) ....	1. 5.'32	24
Þykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrif- ustörf (1930) .....	29. 9.'33	12
Aths. Ein fullgildingin skilyrt.		
Þykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931) ..		1
Aths. Samþykkt þessi er ekki gengin í gildi.		
Þykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð (2) .....	30. 10.'34	15
Þykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (32) .....	6. 6.'35	8
Þykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka greiðslur r störf sín (1933) .....	18. 10.'36	9
Þykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnað- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o. fl. (1933)	18. 7.'37	8
Þykkt um skyldu ellitryggingar landbúnaðarverkafólks (33) .....	18. 7.'37	7
Þykkt um skyldu örorkutryggingar fólks, sem vinnur við aðrar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o. fl. (33) .....	18. 7.'37	8
Þykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverka- s (1933) .....	18. 7.'37	7
Þykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munað-		

Tala	Heiti	Gildis-taka	Fullgild-ingar
40.	Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munað- arleysingjum landbúnaðarverkamanna (1933) .....	29. 9.'49	4
41.	Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934) .... Aths. Eitt ríki hefur sagt samþykktinni upp.	22. 11.'36	21
42.	Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934) .....	17. 6.'36	22
43.	Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerværksmiðjum (1934) .....	13. 1.'38	8
44.	Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra, sem eru atvinnu- lausir gegn vilja sínum (1934) .....	10. 6.'38	6
45.	Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar nám- um (1935) .....	30. 5.'37	29
46.	Samþykkt um takunörkun vinnutíma í kolanámum (endur- skoðuð 1935) .....		2
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
47.	Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
48.	Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til ör- orku- og ellitrygginga og trygginga til handa ekkjum og mun- aðarlausum (1935) .....	10. 8.'38	5
49.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935) .....	10. 8.'38	7
50.	Samþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936) .....	8. 9.'39	6
51.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opin- bera (1936) .....		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
52.	Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936) .....	22. 9.'39	7
53.	Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfir- manna á kaupskipum (1936) .....	29. 3.'39	12
54.	Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn .....		5
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
55.	Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936) .....	29. 10.'39	5
56.	Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna (1936) .....	9. 12.'49	4
57.	Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		5
58.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endur- skoðuð 1936) .....	11. 4.'39	10
59.	Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937) .....	21. 2.'41	3
60.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937) .....	29. 12.'50	2
61.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937) .....		
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
2.	Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937) ..	4. 7.'42	6
3.	Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veiga- mestu greinum námavinnslu og verksmiðjuíðnaðar, þar á meðal byggingavinnu, svo og landbúnaði (1938) .....	22. 6.'40	15

Tala	Heiti	Gildis- taka	Fullgild- ingar
4.	Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939) .....	8. 7.'48	3
5.	Samþykkt um refsíákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939) .....	8. 7.'48	2
6.	Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939) .....		
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
7.	Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939) .....		
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
8.	Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946) ....		3
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
9.	Samþykkt um útgáfu hæfnisskirteina fyrir matsveina á skipum (1946) .....		6
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
0.	Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946) .....		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
1.	Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946) .....		3
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
2.	Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (1946) ....		3
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
3.	Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946) .....		3
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
4.	Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946) .....	14. 7.'51	3
5.	Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946)		4
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
6.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946) .....		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
7.	Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til iðnaðarstarfa (1946) .....	29. 12.'50	4
8.	Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglinga til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) .....	29. 12.'50	3
9.	Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) .....	29. 12.'50	2
0.	Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins, svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (1946) .....	28. 5.'47	37
1.	Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947) .....	7. 4.'50	12
2.	Samþ. um félagsmálapólitik í ósjálfstæðum löndum (1947)		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
3.	Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum löndum (1947) .....		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
4.	Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947) .....		1



Tala	Heiti	Gildis- taka	Fullgild- ingar
86.	Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947) .....		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
87.	Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948) .....	4. 7.'50	11
88.	Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948) .....	10. 8.'50	11
89.	Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) .....	27. 2.'51	7
90.	Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) .....	12. 6.'51	3
91.	Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949) .....		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
92.	Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949) .....		3
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
93.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949) .....		
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
94.	Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949) .....		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
95.	Samþykkt um verndun vinnulauna (1949) .....		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
96.	Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949) .....	18. 7.'51	2
97.	Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949) .....	22. 1.'52	2
98.	Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949) .....	18. 7.'51	2